

Reykjavík 30.11.2020

Umsögn um : Frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja).

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun er mjög jákvætt innlegg í íslenska menningu og mun styðja við starfsemi listamanna 2021 á þessum erfiðu tímum.

Þó er rétt að gera athugasemd varðandi skiptingu viðbótarstarfslauna.

Listgreinar fá mismikinn stuðning í formi starfslauna og er rétt sem kemur fram - að tekjutap og atvinnumissir er mismikill á milli listgreina.

Sviðslistar- og tónlistarfólk er sá hópur listamanna sem hefur orðið fyrir hvað mestum tekjumissi í því ástandi sem nú ríkir. Að auki má nefna tónhöfunda sem fá stóran hluta af tekjum sínum í gegnum opinberan innlendan tónlistarflutning, svokallaðar flutningsréttartekjur eða STEF tekjur en sá tekjumissir nemur yfir 140 milljónum á ársgrundvelli fyrir tónhöfunda fyrir árið 2020.

Þá má nefna að þær prósentur sem gefnar eru upp til viðmiðunar í frumvarpinu hvað varðar aukningu starfslauna fyrir hverja listgrein eru misvísandi. Til að mynda fá rithöfundar 16,4% hækkun og tónhöfundar 48,4% aukningu, en þegar launamánuðir eru taldir þá er í raun sama aukning í mánaðarlaunum í báðum tilfellum eða 91 mánaðarlaun fyrir hvora listgrein.

Það liggur fyrir að tónhöfundar hafa orðið fyrir mun harkalegri tekjumissi en rithöfundar þar sem tónleikar með verkum íslenskra tónhöfunda hafa verið felldir niður.

Að lokum skal tekið fram að þetta framtak opinberra aðila - að auka við listamannalaunin - er afar mikivægt og á eftir að styðja verulega við listamenn og íslenska listsköpun á þessum erfiðu tímum.

Kjartan Ólafsson